

ALLT

FÖSTUDAGUR 1. október 2021

KYNNINGARBLAÐ

NÁTTÚRULEGT &
VATNSROFIÐ FISKPRÓTÍNKollagenrík blanda fyrir
heilbrigða liði, bein & brjós25%
afsláttur
í Lyfju

PROTIS



Margrét Káradóttir, verslunarstjóri hjá Hrafnhildi, í glæsilegri dragt frá danska hönnuðinum Bitte Kai Rand.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fallegur trefill með hverri keyptri yfirhöfn hjá Hrafnhildi

Í tilefni haustsins verður vetrartískan sýnd hjá Hrafnhildi í dag. Boðið verður upp á léttar veitingar frá klukkan 14 og allir sem kaupa utanyfirflík um helgina fá fallegan trefil að gjöf. **2**

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTSALOE VERA
HREINN SAFI30
DAGA
SKAMMTUR

Næturkremið

SEM Á SÉR ENGA HLIÐSTÆÐU

4 gull og silfur verðlaun

Frítt næturkrem fylgir
með hverju
Augnkremiwww.tamarar.is,
Íslandsapótek, Lyfjaver, Hagkaup
Smáranum, Kringlunni, Garðabæ, Akureyri



Frábært úrval af köflóttum skyrtum og jökkum hjá Hrafnhildi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

„Það sem einkennir vetrartískuna nú er að hún er samsett af lág-stemmdum fatnaði úr náttúru-efnum sem við poppum upp með köflóttri skyrtu eða jakka. Það má segja að öll okkar vörumerki bjóði upp á köflótt í sinni vetrarlínu og falleg, einlit rúllukragapeysa úr ull eða kasmír fer einstaklega vel við,“ segir Maggý, verslunarstjóri hjá Hrafnhildi.

Jarðlitir eru ríkjandi, á borð við brúna, græna, bláa og beige liti í öllum sínum blæbrigðum.

„Heimsfaraldurinn hafði þau áhrif að framboð af fallegum og notalegum heimagöllum hefur aldrei verið meira enda voru allir heima vegna Covid. Settin fást í viskós, bómull og velúr, og trónir Stenströms á toppnum með fallegan svartan merínó-ullargalla,“ upplýsir Maggý.

Hún segir Mos Mosh og PBO ekki láta sitt eftir liggja.

„Þetta er fullkomin fatnaður í bústaðinn, skíðaferðina eða til að láta sér líða vel í heima og vera flott. Síð vesti eru líka áberandi í vetur og fullkomin yfir ullarsett-in. Stenströms, sem stendur alltaf fyrir sínu, kom með æðislegt sitt, grænt dúnvesti og flottar svartar dúnkápur. Skótískan í haust og vetur er áfram mestmegnis ökkla-skór, stígvél og mökkasiur, en það sem er nýtt í ár eru ljós ökkla-stígvél og grófari sólar.“

Kjólátískan í haust og vetur er sömuleiðis innblásin af heimsfaraldrinum.

„Nú er meira um látlausa kjóla sem hægt er að nota við öll tækifæri. Þetta eru kjólar til að eiga lengi og er fallegt að punta upp með skarti. Fyrir jólin skín í aðeins meiri glamúr en ég er strax búin að kaupa minn jólakjól. Það er geggjaður, svartur silkikjöll frá Stenströms; þeir gerast ekki fallegri,“ segir Maggý og hlakkar til jólanna.



Veturkonungur er snemma á ferð í ár og það má treysta því að Stenströms eru alltaf með fallegan ullar-fatnað.



Hér má sjá köflótta skyrtu frá Stenströms og fallegan ullarjakka frá Rofa.



Verslunin hjá Hrafnhildi er sneisafull af fallegum fatnaði fyrir öll tækifæri. Jarðlitir eru ríkjandi í vetur, svo sem brúnt, grænt, blátt og beige í öllum sínum blæbrigðum.



Ljóst dúnvesti og svartur vetrarjakki frá Bitte Kai Rand. Takið eftir flottu, hvítu ökklastígvél-unum frá ítalska merkinu Nero Giardini.



Glæsilegt, sitt dúnvesti frá Stenströms og síð dúnúlpa frá Mos Mosh.



Stígvél, ökkla-skór og mökkasiur eru mest áberandi í vetur og erum við að sjá grófari sóla.

Bitte Kai Rand

Eitt vinsælasta merkið hjá Hrafnhildi er frá danska hönnuðinum Bitte Kai Rand.

„Hönnun Bitte Kai Rand er einstaklega falleg. Hverri nýrri línu fylgir saga og öll mynstur eru hönnuð af Bitte Kai Rand. Línan er aldrei stór og alltaf spennandi að sjá hugmyndirnar á bak við hönnun-ina. Hver flik er einstök og tíma-lauss og reglulega koma konur sem segjast hafa keypt sér kápu frá Bitte Kai Rand fyrir tuttugu árum og hún er enn jafn flott,“ segir Maggý.

Stenströms er heimsþekkt sænskt vörumerki sem sér-hæfir sig í vönduðum og fallegum fatnaði úr bómul, ull og silki.

„Það er alltaf gaman að fá karl-menn í búðina í leit að gjöf handa sinni heittelskuðu. Þeir kaupa þá gjarnan Stenströms því þeir þekkja gæðin af eigin raun,“ segir Maggý.

Vefverslun hjá Hrafnhildi

Ásamt því að vera með glæsilega 600 fermetra verslun á Engjateigi 5 er einnig hægt að fara í vefverslun-ina hjáhrafnhildi.is.

„Þar er hægt að skoða vörur í rölegheitum og panta heim að dyrum. Við sendum samdægurs innan höfuðborgarsvæðisins ef pantað er fyrir klukkan 14 og við sendum einnig um allt land með Póstinum. Það fylgir engin áhætta að panta og versla í vefverslun okkar, hjáhrafnhildi.is, því öllum sendingum fylgir frír endursendingarmiði og ef varan hentar ekki er hún send til baka, kaupendum að kostnaðarlausu og við endurgreiðum vöruna um hæl,“ útskýrir Maggý.

Hjá Hrafnhildi er á Engjateigi 5 í Reykjavík. Sími 581 2141. Ópið mánudaga til föstudaga frá 10 til 18, og á laugardögum frá 10 til 16.




YEST/YESTA Mokka kápa
Fæst líka í svörtu og hvítu
Stærðir: 38-56
Verð: 20.980

YEST/YestA Síður softshell jakki
Fæst líka í brúnu
Stærðir: 38-58
Verð: 22.980

YEST/YESTA Lakk-úlpa
Stærðir: 38-56
Verð: 24.980

Zhenzi Brando vetrarúlpa
Fæst í fleiri litum
Stærðir: 42-58
Verð: 11.990

Ze-ze Somaz úlpujakki
Fæst í fleiri litum
Stærðir: 38-48
Verð: 11.990



I'CONA
Jakki kr. 27.980 - Bolur kr.13.980
Buxur kr. 20.980



Habella kragabulur
Stærðir: 38-52
Verð: 13.980



Gossip Edith skyrtukjöll
Stærðir: 38-56
Verð: 17.980



Gossip Sabina skyrtukjöll
Stærðir: 38-56
Verð: 17.980



Studio Klara tunica
Stærðir: 38-56
Verð: 13.980



Ze-ze einlitur náttkjöll
Fæst í fleiri litum.
Stærðir: 38-48
Verð: 5.990



Zhenzi mynstraður náttkjöll
Fæst líka í bleiku
Stærðir: 42-58
Verð: 5.990



Lasessor Signa ullarhúfa með skinn dúsk.
Fæst í fleiri litum
Verð: 6.990



Jana lakköklaskór
Fást í rauðu og svörtu.
Stærðir: 37-42
Verð: 16.990



LASESSOR
Moomin fjölnota innkaupapakar
Verð kr. 2.590

Setur ást í hverja lykkju



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

Guðrún Sigríks Sigurðar-dóttir, kennari og prjóna-kona í Þorlákshöfn, stóðst ekki mátið að prjóna sér eitursvala Bítlavettlinga.

„Ég er náttúrulega Bítlastelpa og af bítlakynslóðinni, svo ég stóðst ekki mátið að kaupa uppskrift af Bítlavettlingum þegar ég hnaut um hana á netinu,“ segir Guðrún, sæl með vettlingaparið sitt fina.

Hún skartar stundum ómót-stæðilegum Bítlavettlingum sem hún prjónaði í vetur sem leið.

„Handabakið er Revolver-plötuumslagið og hinu megin ganga Bítlarnir yfir gangbrautina á Abbey Road; sú fræga mynd. Það var gaman að prjóna vettlingana og sjá andlit Bítlanna koma í ljós, en það var líka rosalega erfitt því það þurfti að draga bandið yfir óvenju margar lykkjur, allt að þrjátíu í einu, sem tafði mjög. Ég sneri bandinu saman á röngunni til að flækjast ekki í því þegar ég færi í vettlingana en það er alltaf svolítið ljótt á réttunni þar sem sést að fela þurfti bandið,“ útskýrir Guðrún.

Viðbrögðin við Bítlavettling-unum stóðu ekki á sér.

„Samferðafólkið hrópaði auðvitað upp yfir sig; „Vá!“ og margir pöntuðu vettlingapar hjá mér en ég tók ekki í mál að prjóna þetta munstur aftur. Ég prjónaði líka



Guðrún hefur prjónað síðan hún var sex ára og prjónar ótal margt falletgt fyrir fjölskylduna sína.



Guðrún Sigríks Sigurðardóttir,
kennari og prjónakona

eins og klippt úr út tiskublaði og fór á sveitaböllin í heimasauumuðu dressi samkvæmt nýjustu tisku,“ segir Guðrún sem keypti svokölluð móðinsblöð, til dæmis Burda, og tók upp snið af því sem þá var í móð.

„Í þá daga þóttu fót út úr búð mjög dýr og þótti borga sig að sauma fót á fjölskylduna heima. Svo urðu efnin svo dýr að það hætti að borga sig. Sagan endurtekur sig nú í garninu sem er orðið mjög dýrt og kostar upp undir tólf þúsund í eina peysu. Þá er erfitt fyrir prjóna-konur að verðleggja vinnuna sína því enginn vill borga fyrir margra klukkustunda vinnu við prjóna-skap,“ greinir Guðrún frá.

Hún hefur ekki tekið upp saumavél í árafjöld en prjónar allt sem til fellur á fjölskylduna.

„Í gamla daga saumaði ég fót á okkur hjónakornin og börnin, rúm-fötin okkar, borðdúka og allt sem þurfti því það var ekki í forritinu að kaupa tilbúið búðardót, og hvað þá utan á rúmið. Það er líka kósi að eiga það sem maður hefur sjálfur unnið í höndunum fyrir fjölskylduna sína, og allt önnur tilfinning sem fylgir því að klæðast prjónaðri flik að heiman. Ég set ást í hverja lykkju og allir voða ánægðir með það,“ segir Guðrún og brosir.

Handavinnugenin í ættinni

Guðrún prjónar líka í bílnum.

„Við hjónin eigum iðulega erindi í höfuðstaðinn og þá nota ég Reykjavíkurferðina og tek prjónana með. Ég sit aldrei auðum höndum. Ég er búin að prjóna ullarpeysur á alla strákana í fjölskyldunni og í sumar prjónaði ég kaðlapeysur á karlpeninginn í fjölskyldunni sem varð fimm-tugur. Ég vissi þá ekki að þær yrðu í tisku í haust og vetur en mér finnst þær bæði fallegar og sigildar,“ segir Guðrún, sem er elst þriggja systra.

„Ætli við systurnar höfum ekki fengið handavinnugenin frá mömmu og pabba sem voru bæði mikið handverksfólk. Pabbi gat smíðað hvað sem er úr járn og timbri og mamma var alltaf að prjóna og sauma,“ segir Guðrún.

Hún kenndi í 44 ár við Grunn-skólann í Þorlákshöfn en settist í helgan stein vorið 2015.

„Kennarastarfið er frábært. Ég kenndi allt mögulegt eins og kennarar þurftu að gera á árum áður og síðustu árin kenndi ég líka handavinnu til að bjarga málum. Í morgun komu til mín sex börn úr skólanum til að taka viðtal við eldri borgarann mig, og nú þú, svo ég er vinsæl í dag,“ segir Guðrún og skellir upp úr.

Guðrún bendir á þessar heimasíður fyrir spennandi prjónaupp-skriftir, eins og Bítlavettlingana: ravelry.com, garnstudio.com og knittingforolive.com. ■

VETRARYFIRHAFNIR Í FJÖLBREYTTU ÚRVALI.

SKOÐIÐ LAXDAL.IS

f Laxdal er í leiðinni

BERNHARD LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skippholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



Í sumar prjónaði Guðrún þessar tvær falletgu kaðlapeysur á son sinn, Karl Ægi Karlsson (í gráu peysunni) og mág hans, Sigurjón Eiðs-son, í tilefni fimmtugsaf-mælis þeirra tveggja.
MYNDIR/ÞSENDAR

Liverpool-vettlinga og það var annað eins. Allir vildu eignast slíka vettlinga og ég prjónaði tvö pör fyrir vinkonu mína, en síðan ekki söguna meir. Þetta var það mikil handavinna og vesen,“ segir Guðrún og hlær.

„Ég tími annars voða lítið að nota Bítlavettlingana en set þá

stundum upp í útilegum og þá vekja þeir jafnan mikla athygli.“

Á sveitaböll í nýjustu tisku
Guðrún smitaðist af prjónabakt-eríunni þegar hún var sex ára.

„Ég byrjaði svo að sauma á mig fót sem unglingur og pældi þá mikið í tiskunni. Ég vildi helst vera



Bítlavettlingarnir. Á handarbökum er mynd af Revolver-plötu Bítlanna.



Hinu megin er fræg mynd af Bítl-unum að ganga yfir Abbey Road.



Guðrún prjónaði þessa flottu Liver-pool-vettlinga, sem margir vildu.

ADVANCED
GÉNIFIQUE

15 ÁRA RANNSÖKNIR - 9 EINKALEYFI ⁽¹⁾

BRAUDTRYÐJANDI
ÖRVERUFERÆÐI

KRÖFTUG ÖRVERUFLÓRA ER LYKILATRIÐI
TIL AÐ VIÐHALDA GÓÐU VARNARKERFI FYRIR
HEILBRIGÐA OG UNGLEGA HÚÐ.

STAÐFEST:
EFTIR FYRSTA DROPA ER
2X MEIRI ENDURHEIMT ⁽²⁾

SAMSTUNDIS
STERKARA VARNARKERFI HÚÐAR

EFTIR EINA FLÖSKU
+52% LJÓMI ⁽³⁾
-46% HLUKKUR ⁽³⁾

⁽¹⁾ EINKALEYFI OG BID EFTIR EINKALEYFI.
⁽²⁾ ENDURHEIMT ÖRVERUFLÓRU HÚÐARINNAR EFTIR ÁREITI.
VIÐ NOTKUN ADVANCED GÉNIFIQUE Í EITT SKIPTI SAMANBORIÐ VIÐ ENGA NOTKUN HÚÐVÖRU.
⁽³⁾ KLÍNISKAR RANNSÖKNIR, 34 KONUR, 8 VIKUR.

KRÖFTUGRA FRÁ FYRSTA DROPA.
HEILBRIGÐARI, UNGLEGRI HÚÐ Á 7 DÖGUM

LANCÔME PARIS

LANCÔME KYNNING

Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI OG GLERÁRTORGI
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS 30. SEPT. - 4. OKT.



Hydra Zen
Génifique serum 7 ml
Hydra Zen krem 15 ml
Bi-Facil augnfjarðahreinsir 30 ml
Tonique Doucer andlitsvatn 50 ml

VELDU ÞINN KAUPAUKA

Glæsilegur kaupauki fylgir
þegar keyptar eru Lancôme
vörur fyrir 9.500 kr eða meira
á meðan birgðir endast.



Rénergie Multi-Lift
Génifique serum 7 ml
Rénergie Multi-Lift augnkrem 3 ml
Rénergie Multi-Lift krem 15 ml
Rénergie Multi-Lift næturkrem 15 ml

LANCÔME 20% AFSLÁTTUR

 Lyf & heilsa

Hljýjunni stundum fórnað fyrir útlitið


Starri Freyr Jónsson
starri
@frettabladid.is

Tískan breytist í vetrarbyrjun hjá framhaldsskólunum landsins eins og flestum landsmönnum. Fréttablaðið fór á stúfana og ræddi við nokkra framhaldsskólanema um vetrartísku.

Róbert Proppé er sautján ára nemandi við Menntaskólann við Hamrahlíð sem stefnir á að vinna með list á einn eða annan hátt í framtíðinni. Þegar vetur skellur á klæðir hann sig í fleiri lög af fatnaði og þykkari flikur svo hann frjósi ekki inn að beini. „Svo fá jakkar og úlpur meira sviðsljós þegar að það er farið að kólna fyrir alvöru.“

Áttu þér uppáhalds vetrarflik?
Það er annað hvort þykkur flannel vinnujakki eða „oversized“ hettupeysa, þær klikka seint.

Hvaða vetrarflikur eru algjörlega nauðsynlegar?

Það er algjört möst að vera með eina eða tvær hettupeysur sem maður getur gripið í. Þær eru hlýjar og passa við nánast hvað sem er. Svo eru þær bara svo ótrúlega þægilegar í þokkabót.

Er einhver sérstök flik sem þig langar að eignast í vetur

Vá! Þær eru eiginlega of margar en svona helst væri það góður bomber jakki.

Hvers konar flik getur þú alls ekki klæðst yfir veturinn?

Eina sem ég get ekki notað eru kannski strigaskórnir. Þeir fá ekki alveg jafn mikla notkun á veturna og sumrin.

Áttu þér einhver uppáhalds fata-merki?

Þau breytast eiginlega bara með hverjum deginum. Það sem er á toppnum núna er Why Me Clothing. Svo er ég alltaf með rosa-legan „soft spot“ fyrir Carhartt og Dickies.

Fylgist þú vel með tísku?
Ég myndi segja að ég fylgist svona ágætlega með tísku og þá aðallega á samfélagsmiðlum. Mér finnst mjög gaman að skoða hvað aðrir eru að gera og þá aðallega þegar kemur að „streetwear“.



Hér klæðist Róbert Proppé buxum frá Why Me, frakka frá Bertoni og Dr. Martens skóm sem hann keypti fyrir mörgum árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Áttu minningar um gömul tísku-slys þegar kemur að vetrarflikum?

Mér fannst ég alltaf svaka flottur á því þegar ég henti ushanka hatti á hausinn og þá helst í slitnum jogging galla, strigaskóm í snjó og mislituðum sokkum. Það var ekki alveg málið en mér fannst ég svaka þá.

Kristín Taiwo Reynisdóttir er 18 ára nemi á félagsfræðibraut við Menntaskólann við Hamrahlíð og stefnir á að fara í lýðhaskóla í Danmörku áður en hún hefur háskólanám. Yfir veturinn segist hún velja fót út frá hlýju þeirra og útliti. „Stundum passar það ekki alltaf saman þannig að þá fórna ég stundum hljýjunni fyrir útlitið.“

Áttu þér uppáhalds vetrarflik?

Vettlingar, vegna þess að þeir passa við nánast hvað sem er.

Hvaða vetrarflikur eru algjörlega nauðsynlegar?

Stór háskólapeysa sem er þrjónuð.

Er einhver sérstök flik sem þig langar að eignast í vetur?

Sæta kápu sem er bæði hlý og myndi passa vel við önnur fót sem ég á.

Hvers konar flik getur þú alls ekki klæðst yfir veturinn?

Úlpu, vegna þess að þær eiga það til að leyfa manni ekki að sýna allan fatnaðinn sinn. Hvað þá að láta hana passa við þann klæðnað sem mig langar að vera í yfir veturinn.

Áttu þér einhver uppáhalds fata-merki?

Nei ekki enn þá en ég er alltaf að mjaka mér áfram í átt að uppáhalds fatamerki.

Fylgist þú vel með tísku?

Afar lítið. En ég er mikið á samfélagsmiðlinum TikTok þar sem notendur eru að máta fót sem að ég sé síðan fyrir mér að máta á sjálfan mig.

Áttu minningar um gömul tíkuslys þegar kemur að vetrarflikum?

Lambhúshettan gamla sem manni fannst svo æðislega flott og í tísku í gamla daga.

Andri Ísak Birgisson er sautján ára nemi á félagsgreinabraut við Menntaskólann í

Kópavogi. Í upphafi vetrar skiptir hann yfir í hlýjar úlpur og hettupeysur og klæðir sig meira eftir veðrinu eins og vinir hans.

Áttu þér uppáhalds vetrarflik?

Það er örugglega bara einhver kósi hettupeysa.

Hvaða vetrarflikur eru algjörlega nauðsynlegar?

Úlpur eru nauðsynlegar.

Er einhver sérstök flik sem þig langar að eignast í vetur?

Það er Undercover, A Clockwork Orange jakki.

Hvers konar flik getur þú alls ekki klæðst yfir veturinn?

Ég get alls ekki klæðst nærbol

Áttu þér einhver uppáhalds fata-merki?

Stugazi, Maison Emerald og Unknown.

Fylgist þú vel með tísku?

Nei ég fylgist ekkert með tísku.



Andri Birgisson skiptir yfir í kósi hettupeysur og hlýja úlpu yfir veturinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Uppáhalds vetrarflik Val-eriu Bulatova þessa dagana er þessi pels.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Valeria Bulatova er sautján ára nemi á öðru ári á opinni braut við Menntaskólann við Hamrahlíð. Á búsári sínu klæddist hún sumar- flikum í margföldum lögum þegar veturinn skall á. „Ég hef áttað mig á að vetrarflikur eru ekki bara úlpur og pollagallar og reika nú um í pelsum og frökkum gegnum vetrarkuldann.“

Áttu þér uppáhalds vetrarflik?

Þessa dagana er það pelsinn sem ég sýni hér í Fréttablaðinu.

Hvaða vetrarflikur eru algjörlega nauðsynlegar?

Úlpa. Við búum á Íslandi og það dugar oftast ekkert annað.

Er einhver sérstök flik sem þig langar að eignast í vetur?

Hlýir leðurskór takk!

Hvers konar flik getur þú alls ekki klæðst yfir veturinn?

Ég myndi aldrei klæðast ullar- fötum sem stinga.

Áttu þér einhver uppáhalds fata-merki?

Nei. Ég elska samt að fylgjast með ungum fatahönnuðum á samfélagsmiðlum. ■

NÝ SENDING



Tískan
MaxMara

Skipholti 21 | Sími 551 0770
www.tiskan.is



Kristín Taiwo Reynisdóttir er í peysu frá fatamarkaði og buxum úr Waste-land. Kápan er úr Zöru.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



NÝ SENDING

Kringlan - Glerártorg - ZIKZAKVERSLUN.IS



Túnika
8.990,-
st.42-56



Kjöll
9.990,-
st.42-56



Túnika
8.990,-
st.42-56



Túnika
11.990,-
st.38-52



Kjöll
9.990,-
st.S-XXXL



Vesti
11.990,-
st.42-56



Blússa
8.990,-
st.42-56



Túnika
9.990,-
st.42-56



Peysa
9.990,-
st.42-56



Náttkjöll
6.990,-
st.42-56



Náttkjöll
5.990,-
st.42-56



JAKKI
11.990,-
st. S-XXXL

FRÍ

heimsending þegar
vörslað er fyrir 5.000,-
eða meira í vefverslun
ZIKZAKVERSLUN.IS

Tískuheimurinn á flug á ný

Klassískar ullarkápur eru líklegast mest spennandi í vetrartískunni 2021-2022. Vandaðar kápur sem endast lengi. Þess vegna er mikilvægt að vanda valið, snið og líti. Ljósbrúnar kápur eru alltaf sígildar og eru mikið í tísku.

elin@frettabladid.is

Konur eru alltaf finar í fallegum vetrarkápum og allar ættu þær að eiga eina sparikápu í skápnum. Það er fleira sem má sjá í vetrartískunni. Jakkar eru vinsælir og sömuleiðis síðir prjónakjolar. Litir eru meira áberandi í vetrartískunni núna en oft áður. Gleði í litum er sögð vera sú bjartsýni sem tískuhönnuðir vonast eftir þegar takmarkanir verði aflagðar og fólk getur farið að lifa eðlilegu lífi aftur.

Tískusýningar eru komnar af stað aftur og sumartískan 2022 er kynnt í París þessa dagana. Götur Parísar hafa því aldeilis lifnað við en þar er nú staddur hópur hönnuða og tískurstjóra ásamt fyrirsetum. Tískusýningarnar laða líka alltaf til sín stóran hóp tískusérfræðinga og -áhugafólks um hvað sé á döfinni í þessum litrika heimi. Meira en 100 vörumerki sýna vor- og sumartískuna. Margir eru að hittast aftur eftir rúmlega eitt og hálft ár enda hefur tískuheimurinn verið stafrænn á tímum Covid.

Meðal þeirra sem snúa aftur á



Vetrarskór frá Valentino. Flottur litur.



Valentino sýndi þessa flottu kuldaskó sem myndu sóma sér vel bæði við buxur eða kjól.



Falleg ullarkápa í bláum lit frá tísku-húsi Dior.



Glæsileg ullarkápa frá Valentino sem tilheyrir vetrartískunni 2020-2021.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FREE|QUENT

vesti



Ríta

 Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Glæsilegur samkvæmisfatnaður fyrir árstíðir vetrarins frá Armani.



Köflóttur jakki við vitt pils verður meðal þess sem sjá má í vetur. Þessi fallegi klæðnaður er frá Chanel.



Það verður ekki ama-legt að klæðast upp í svona fallegu dressi frá Armani.



Viður ullar-jakki frá Louis Vuitton. Takið eftir háu stígvélunum.



Stórir og víðir jakkar eru hluti af vetrartískunni. Þessi glæsilegi jakki er frá Louis Vuitton.


sviðið eru Dior, Louis Vuitton, Valentino og Balenciaga svo einhverjir séu nefndir. Eins og venjulega eru sköpunin og hugmyndaflugið á mikilli ferð þegar efnit er til tískusýningar og ekkert til sparað. Þótt það sé margt fallegt að sjá fyrir komandi vor og sumar þá er það vetrartískan sem við einblínum á hér. Hún verður bæði skemmtileg og fjölbreytt, segja tískusérfræðingar. Þótt veturinn verði kaldur er að minnsta kosti hægt að klæða sig töff. Hlý efni eru í tískufatnaði svo engum ætti að vera kalt þótt hann fylgi tískubylgjum. Heimsfaraldur hefur opnað augu tískuhönnuða fyrir því hagnýta í breyttum heimi. Efnin eru valin í samræmi við það og til dæmis notaðir gerviloðfeldir í stað dýraafurða. ■

DJÚSÍ HAUSTVÖRUR Í CURVY

Stærðir 14-30 eða 42-58

Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is eða komdu
í verslun Curvy í Hreyfilshúsinu við Grensásveg
Opíð alla virka daga frá kl. 11-18
og laugardaga frá kl. 11-16

FRÍ HEIMSENDING
EF AÐ VERSLAÐ ER FYRIR
5000 KR EÐA MEIRA



Gallabuxur
með teygju
7.990 kr



Zizzi Úlpa
13.990 kr



Zizzi Peysa
8.990 kr



Zizzi Peysa
5.990 kr



Anorakkur
15.990 kr

Vatteraðar útivistabuxur
14.990 kr

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is



SA
COPEN

Mathilda
Kringlunni
552 8600

COLLECTIONS

Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

ND
HAGEN



fierra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN / SMÁRALIND

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Nýr 2021 Mitsubishi Outlander Hybrid Spirit+ Tíglamynstruð leður á sætum. 18" álfelgur. 5 ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Verð 5.990.000,-



Audi A3 Sportback e-Tron Hibryd. 8/2017 Modelár 2018. Ekinn aðeins 40 þús.km. Sportsæti. Panorama glerpak. 17" álfelgur. Sjálfskiptur. LED ljós. Ofi. Lækkað verð aðeins 3.990.000,-



Nýr VW Crafter L3H3 háþekju. Það eru hvergi til sendibílar nema hjá Sparibíl! Þessi er til afhendingar strax! Verð: 5.990.000,- án vsk.



Nýr 2021 Hyundai Kona EV Premium rafmagnsbíll með 64 kWh rafhlöðu. Raun drægni um 380 km. Flottasta typa með leðri og glertopplúgu. + fullt af öðrum lúxus. Nýtt útlit. 5 litir á staðnum. Til afhendingar strax! Okkar verð aðeins: 5.790.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069 eða 663 5315

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald



Bjóðum einstaklingum framtals- aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörspjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

+++ EDALVERK +++
BJÓÐUM UPP Á HEILDARLAUSNIR Á JARÐVEGSVINNU

Gröfubjónusta - Hellulagnir
Grjóthleðsla - Húsaviðgerðir - Þak
Gluggaskipti - Múr - Málningavinna
- Steinsögun ...meira og fleira

**FÁÐU TILBOÐ Í VERKIÐ Í SÍMA
786-3211 EÐA SENDU OKKUR
PÓST Á VERK@EDALVERK.IS**

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK
- FLOTUN - SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuþá. Tarot. Árssþá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

LEIKSKÓLALEIÐBEINANDI.
Krílasel ungbarnaleikskóli sem er einkarekinn óskar eftir að ráða vanan leikskólaleiðbeinanda í 100% starf sem getur hafið störf frá 1. október

Umsóknir sendist á krílasel@simnet.is

EYJALIND

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur

[Vertu vinur okkar á Facebook](https://www.facebook.com/eyjalind)
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Sérfræðingar í ráðningum

FAST
Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoli@fastradningar.is

www.fastradningar.is

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is

JKS

Kæli og frystiklefar settir saman úr einum - stækkanlegir

MAXI LÍNAN FRÁ JKS
Einingar eru fáanlegar úr 6,8,10 og 14 cm þykku frauði, mjög sterkt yfirborð sem þolir vel allan núning. Mismunandi þykar einingar verja mismunandi tegundir matvæla. Einingarnar eru festar saman með öflugum krókfestingum. - Öndun í gólfíð er með sérstakri „T“ öndun til þessa að jafna loftstreymi í kleanum. Þéttlisti á hurð er mýkri og einangrar betur.

Hurð á lömum með læsingu Rennihurð með læsingu PVC strímlagardína mismunandi litir

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS
www.verslun.is

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

BÓLSTRUN – SAUMASKAPUR

Uppgerðir Rokkókóstólar með áklæði að eigin vali á góðu verði



Öll almenn bólstrun - úrval vandaðra áklæða og leður. Tökum allskonar saumaskap .t.d. dýnur í hjólhýsi, húsbíla ofl.



Sérhæfum okkur í bílsætaviðgerðum, mótörhjólum, snósleðasætum, líum og gerum við tréverk á húsgögnum.

Formbólstrun

Hamrabort 5 Kóp, Hamrabrekkumegin | S. 544 5750 | www.hsbolstrun.is